

4.42017

Stuðningsyfirlýsing við þingsályktunartillögu Pírata  
Mál nr.143  
Húsnæði Listaháskóla Íslands

Sem deildarfulltrúi og verkefnastjóri sviðslistadeildar Listaháskólans lýsi ég yfir eindregnum stuðningi við þingsályktunartillögu Pírata um Húsnæði Listaháskóla Íslands.

Sem fyrrverandi nemandi Listaháskólans á tveim háskólastigum (BA og MA) get ég vottað um gæði námsins og starfsfólksins, sem af hugsjón og drifkrafti heldur uppi stöðu skólans í alþjóðlegu samhengi.

Aðstæðurnar eru hins vegar óviðunnandi, rými sem engan vegin henta og nú herma nýjustu fregnir að Sölvhólgata 13, þar sem ég nam og nú starfa, sé sýkt af húsasótt.

Frá því að ég hóf nám 2005 hefur ítrekað verið rætt um húsnæðisvanda skólans – mér, þáverandi nemanda, gert ljóst að Sölvhólgatan væri bráðabirgðahúsnæði.

Allt frá stofnun skólans hafa staðið til flutningar í sameiginlegt hús en það hefur enn ekki gerst. Ég hvet stjórnvöld að leysa þann brýna vanda sem húsnæðisekla Listaháskólans er.

Vigdís Másdóttir



**Vigdís Másdóttir**

Sviðslistadeild / Department of performing arts

Deildarfulltrúi - Verkefnastjóri / Department coordinator - Project manager

[viqdismas@lhi.is](mailto:viqdismas@lhi.is)